



Forblöndunarsett fyrir íðefni

Multi Pro® 1750-úðari – 2015 og síðar

Tegundarnúmer 41158—Raðnúmer 315000001 og upp úr

Notendahandbók


Þegar þörf er á þjónustu, varahlutum frá Toro eða frekari upplýsingum skal hafa samband við viðurkenndan þjónustu- og söluaðila eða þjónustuver Toro og hafa tegundar- og raðnúmer vörunnar við höndina. [Mynd 1](#) sýnir hvar tegundar- og raðnúmerin eru á vörunni.

Þessi búnaður er hannaður til að aðstoða við blöndun íðefna við undirbúning úðunar á vel viðhöldnum grasflötum í almenningsgördum, á golfvöllum, á íþróttavöllum og á atvinnusvæðum. Þetta er tengitæki til að úða á gras og er ætlað fyrir fagfólk og verktaka til atvinnunota.

Þessi vara uppfyllir allar viðeigandi evrópskar tilskipanir. Frekari upplýsingar er að finna í yfirlýsingu um ísetningu í aftasta hluta þessarar handbókar.

Notendur skulu kynna sér efni handbókarinnar vandlega til að fræðast um rétta notkun og viðhald á vörunni. Upplýsingarnar í þessari handbók geta hjálpað þér og öðrum að koma í veg fyrir meiðsl og skemmdir á vörunni. Þó að Toro hanni og framleiði öruggar vörur ber eigandi ábyrgð á réttri og öruggri notkun vörunnar.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.



Mynd 1

1. Tegundar- og raðnúmeraplata

Tegundarnúmer _____

Raðnúmer _____

⚠ VIÐVÖRUN

KALIFORNÍA Viðvörðun, tillaga 65

Notkun á þessari vöru getur valdið snertingu við efni sem Kaliforníuríki er kunnugt um að geti valdið krabbameini og fæðingargöllum eða öðrum æxlunarskaða.



Öryggi

Þessi handbók auðkennir mögulega hættu og í henni eru öryggismerkingar auðkenndar með öryggistáknum (Mynd 2), sem sýna hættu sem kann að valda alvarlegum meiðslum eða dauða ef ráðlögðum varúðarráðstöfunum er ekki fylgt.



Mynd 2

g000502

1. Öryggistákn

Þessi handbók notar tvö orð til að auðkenna upplýsingar. „**Mikilvægt**“ vekur athygli á sérstökum vélrænum upplýsingum og „**Athugið**“ táknar mikilvægar, almennar upplýsingar sem vert er að lesa vandlega.

⚠ VIÐVÖRUN


Íðefni sem notuð eru í úðakerfinu geta verið hættuleg og eitruð þér, nærstöddum, dýrum, plöntum, jarðvegi eða öðrum eigum.

- Lesið og fylgið vandlega viðvörunarmerkingum íðefna og öryggisblöðum fyrir íðefni sem notuð eru og fylgið varúðarráðstöfunum í samræmi við ráðleggingar framleiðanda íðefnisins. Notið til dæmis viðeigandi persónuhlífar, þ.m.t. andlits- og augnhlífar, hanska eða annan búnað, til að koma í veg fyrir beina snertingu við efnið.
- Hafið í huga að það geta verið fleiri en 1 efni notuð og meta skal upplýsingar um hvert efni fyrir sig.
- Neitið að nota eða vinna á úðaranum ef þessar upplýsingar eru ekki til staðar!
- Áður en unnið er við úðakerfi skal ganga úr skugga um að kerfið hafi verið skolað þrisvar sinnum og gert hlutlaust í samræmi við tilmæli framleiðanda íðefnanna.
- Tryggið að nægilegt magn af hreinu vatni og sápu sé í grenndinni og þvoið strax af íðefni sem komist er í snertingu við.

Öryggis- og leiðbeiningarmerkingar




Öryggismerkingar og leiðbeiningar sjást greinilega og eru hjá öllum svæðum þar sem möguleg hætta er til staðar. Skiptið um skemmdar eða týndar merkingar.



93-6674

decal93-6674

1. Hætta á að kremjast á höndum – lesið leiðbeiningarnar áður en viðhaldi er sinnt.



119-4988

decal119-4988

1. Læsa
2. Taka úr lás

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Stuðningsgrindarsamstæða	1	Setjið grindina saman.
	Breiður ferhyrndur stöðuhólkur	2	
	Mjór ferhyrndur stöðuhólkur	2	
	Burðarbolti (3/8 x 1-1/2 to.)	2	
	Sjálflæsandi ró (3/8 to.)	1	
	Hvíluarmur, hægra megin	1	
	Hvíluarmur, vinstra megin	1	
	Snúningsspinni	2	
	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1¼ tommur)	2	
	Festiró (3/8 to.)	2	
	Handfang	2	
	Flöt skinna	2	
	Splitti	2	
	Samstæða undirstöðuplötu	1	
	Flansfóðring (1/2 tommu innra þvermál)	2	
	Flansfóðring (3/4 tommu innra þvermál)	2	
	Stilliskrúfa	2	
2	Gormur	2	Setjið tengihlutana upp.
3	Handfang	1	Setjið vökvadæluna upp.
	Innansexkantaskrúfa (#10-24 x 1/2 to.)	2	
	Klinkustoð	1	
	Gormurklemma	1	
	Bolti (#10-24 x 1/2 to.)	2	
	Lásró (#10-24)	2	
	Vökvadæla	1	
	Kragabolti (5/16 x 3/4 to.)	2	
	Flanslásró (5/16 to.)	2	
	Handfang	1	
	Bolti ($\frac{3}{8}$ x 1 tomma)	4	
	Flanslásró (3/8 to.)	4	
	T-tengi og afrennslisloki	1	
	Pakkning	1	
	Kragaklemma	1	
4	Piltengi	1	Setjið vökvadæluslönguna upp.
	O-hringur	1	
	Láshringur	1	

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
5	Vökvadæluloki	1	Setjið vökvadælulokann upp.
	Hleðsluleiðsla – 86 cm (33-3/4 to.)	1	
	Splitti	2	
	Hjáveituleiðsla vökvadælu – 65 cm (25-3/4 to.)	1	
	Inntaksslanga – 22 cm (6-5/8 to.)	1	
	Kragaklemma	1	
	Pakkning	1	
	Festing vökvadæluloka	1	
	Kragabolti (5/16 x 3/4 to.)	1	
	Sjálfæsandi ró (1/4 to.)	4	
6	Geymisslanga – 141 cm (55-5/8 to.)	1	Tengið slöngur vökvadæluloka.
	Splitti	1	
	Kragaklemma	2	
	Pakkning	2	
7	Sogspjót og slanga (valfrjáls aukabúnaður)	1	Ljúkið við uppsetninguna.

Ath.: Miðið vinstri og hægri hlið vinnuvélarinnar út frá hefðbundinni vinnustöðu.

1

Grindin sett saman

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Stuðningsgrindarsamstæða
2	Breiður ferhyrndur stöðuhólkur
2	Mjór ferhyrndur stöðuhólkur
2	Burðarbolti (3/8 x 1-1/2 to.)
1	Sjálflæsandi ró (3/8 to.)
1	Hvíluarmur, hægra megin
1	Hvíluarmur, vinstra megin
2	Snúningsspinni
2	Bolti (3/8 x 1 1/4 tommur)
2	Festiró (3/8 to.)
2	Handfang
2	Flöt skinna
2	Splitti
1	Samstæða undirstöðuplötu
2	Flansfóðring (1/2 tommu innra þvermál)
2	Flansfóðring (3/4 tommu innra þvermál)
2	Stílliskrúfa

Stuðningsgrindin sett upp á geyminn

1. Leggið vinnuvélina á flötu svæði, setjið stöðuhemilinn á, stöðvið dæluna, dregið á vélina og takið lykilinn úr svissinum.
2. Fjarlægið festingarnar og festið geymisólarnar að aftan efst á geyminum.


Ath.: Geymið alla hluti.

3. Stingið tveimur burðarboltum (3/8 x 1-1/2 tommu) innanvert í götin á vinstri hliðinni, aftari geymisól.
4. Setjið festingarnar fyrir geymisólarnar sem voru fjarlægðar aftur á til að festa ólarnar við geyminn.

Ath.: Gangið úr skugga um að ólin sé tryggilega fest við geyminn. Ekki herða ólina of mikið.

5. Setjið tvo ferhyrnda stöðuhólka yfir burðarboltana sem áður voru settir í (Mynd 3).

Ath.: Notið viðeigandi fjölda og þykkt ferhyrnda stöðuhólka eftir þörfum til að tryggja að grindin flútti við geyminn.




Mynd 3

1. Aðalstuðningsgrindarsamstæða Ferkantaðir stöðuhólkur

6. Setjið aðalstuðningsgrindina yfir ferhyrnda stöðuhólkana og burðarboltana eins og sýnt er á Mynd 3.

Ath.: Stíllið rýmið eftir þörfum til að tryggja að grindin flútti við geyminn.

7. Festið aðalstuðningsgrindina við geymisólina (Mynd 4) með 2 sjálflæsandi róm (3/8 to.).




Mynd 4

1. Aðalstuðningsgrindarsamstæða Gengjur burðarbolta (neðri staða)
2. Gengju burðarbolta (efri staða)
3. Sjálflæsandi ró (3/8 to.)
4. Sjálflæsandi ró (3/8 to.)

Hvíluarmar undirbúnir

- Setjið snúningspinnann í gegnum efra gatið á hvíluarminum ([Mynd 5](#)).




Mynd 5

- | | |
|--|---|
| 1. Hvíluarmur (vinstra megin) | 5. Festiró (3/8 to.) |
| 2. Bolti ($\frac{3}{8} \times 1\frac{1}{4}$ tommur) | 6. Handfang |
| 3. Efra gat (hvíluarmur – vinstra megin) | 7. Neðra gat (hvíluarmur – vinstra megin) |
| 4. Snúningspinni | |

- Berið miðlungssterkt gengjulím á gengjur boltans ($\frac{3}{8} \times 1\frac{1}{4}$ to.).
- Setjið boltann ($\frac{3}{8} \times 1\frac{1}{4}$ tommur) í gegnum neðra gatið á hvíluarminum og splitti snúningspinnans ([Mynd 5](#)) með festirónni ($\frac{3}{8}$ tommur) og herðið festiróna með 15 til 17 N-m (11 til 13 ft lb) átaki.
- Skrúfið handfangið á boltann ($\frac{3}{8} \times 1\frac{1}{4}$ to.), herðið handfangið við festiróna og herðið það með höndunum ([Mynd 5](#)).
- Endurtakið skref 1 til og með 4 fyrir hinn hvíluarminn ([Mynd 5](#)).

Hvíluarmarnir settir á stuðningsgrindina

- Stingið flansfóðringu ($\frac{3}{4}$ tommur að innanmáli) inn í hvorn enda snúningsrörsins í aðalstuðningsgrindinni ([Mynd 6](#)).



Mynd 6

- | | |
|--|---|
| 1. Efri snúningspinnar ($\frac{1}{2}$ to.) | 6. Hvíluarmur (vinstra megin) |
| 2. Flansfóðring ($\frac{1}{2}$ tommu innra þvermál) | 7. Nöf (vinstri hvíluarmur) |
| 3. Nafir (bakplata – vinstra og hægri megin) | 8. Snúningsrör (aðalstuðningsgrind) |
| 4. Skinnur ($\frac{1}{2}$ to.) | 9. Flansfóðring ($\frac{3}{4}$ tommu innra þvermál) |
| 5. Splitti | 10. Neðri snúningspinni ($\frac{3}{4}$ tommu – hægri hvíluarmur) |

- Stingið flansfóðringu ($\frac{1}{2}$ tommu að innanmáli) inn í vinstri og hægri nafir bakplötunnar ([Mynd 6](#)).

Ath.: Gangið úr skugga um að flans fóðringanna flútti við ytri hlið nafanna.

- Setjið neðri snúningspinnann á hægri hvíluarminum í gegnum flansfóðringuna hægri megin á snúningsrörinu og pinnanum ([Mynd 6](#)).

Ath.: Samstillið efri snúningspinna armsins við hægri nöfina á bakplötunni.


- Setjið efri snúningspinna hægri hvíluarmsins gegnum hægri nöfina á bakplötunni ([Mynd 6](#)).
- Festið efri snúningspinnann við bakplötuna með skinnum ($\frac{1}{2}$ tommu) og splitti ([Mynd 6](#)).
- Setjið nöfina á vinstri hvíluarminum yfir enda neðri snúningspinnans á hægri hvíluarminum sem stendur út vinstra megin við vinstri flansfóðringuna í snúningsrörinu ([Mynd 6](#)).

Ath.: Samstillið efri snúningspinna armsins við vinstri nöfina á bakplötunni.

- Setjið efri snúningspinna vinstri hvíluarmsins gegnum vinstri nöfina á bakplötunni ([Mynd 6](#)).


8. Festið efri snúningspinna vinstri hvíluarmsins við bakplötuna með skinnu (1/2 tommu) og splitti ([Mynd 6](#)).
9. Setjið 2 stilliskrúfur á vinstri arminn við neðri lömina ([Mynd 7](#)).

Ath.: Ekki herða stilliskrúfuna strax til að hægt sé að stilla hvílukerfið síðar.



Mynd 7

- | | |
|-------------------------------|--------------------|
| 1. Hvíluarmur (vinstra megin) | 3. Stilliskrúfa |
| 2. Snúningsrör | 4. Göt í hvíluarmi |



Mynd 8

- | | |
|-------------------|---------|
| 1. Sveigður flipi | 4. Stoð |
| 2. Gat í flipa | 5. Gróp |
| 3. Gormur | |

2. Krækið enda gormsins í gatið á sveigða flipanum og krækið hinum endanum í gormstoðina ([Mynd 8](#)).
3. Gangið úr skugga um að gormurinn sitji rétt í grópinni í stoðinni ([Mynd 8](#)).
4. Endurtakið skref 1 til og með 3 á hinni hliðinni.
5. Herðið stilliskrúfurnar tvær í vinstri arminum.

Stilling tungunnar

Færið hvílusamstæðuna í efri flutningsstöðu til að stilla tunguna.

- Lyftið upp handföngunum til að lyfta samstæðunni og hallið henni lítillega í átt að geyminum.
 - Stýrið tungunni undir þverbitann með logsoðna flipann í efri hluta grindarsamstæðunnar.
 - Látið samstæðuna snúa niður, í átt að geyminum.
1. Verið viss um að plaststoppin séu í snertingu við lásfjaðrirnar og setjið nægan þrýsting á bakplötusamstæðu hvílunnar til að þrýsta lásfjöðrunum miðja leið ([Mynd 9](#)).

2


Uppsetning tengihlutanna

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

2	Gormur
---	--------

Uppsetning gorma


1. Setjið gorminn í gatið í neðri enda sveigða flipans á hlið grindarsamstæðunnar ([Mynd 8](#)).



Mynd 9

1. Lásfjöldur undir þrýstingi
2. Bakplata
3. Lásfjöldur

2. Á meðan þrýstingi er haldið á bakplötunni er tungunni rennt í átt að notanda þar til vör tunguplötunnar snertir þverbitann (Mynd 10).



Mynd 10

1. Vör tunguplötu
2. Festingar
3. Rauf í plötu
4. Logsoðinn flipi

3. Herðið festingarnar í tungunni til að festa hana og losið síðan um þrýstinginn á bakplötunni.

Ath.: Kannið hvort einhver hreyfing er til staðar í hvílunni. Hún ætti að haldast fast við grindarsamstæðuna. Það má endurtaka þessa aðferð þegar vökvadælan hefur verið sett upp til að stilla læstu stöðuna.

3

Vökvadælan sett upp


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Handfang
2	Innansexkantskrúfa (#10-24 x 1/2 to.)
1	Klinkustoð
1	Gormurklemma
2	Bolti (#10-24 x 1/2 to.)
2	Lásró (#10-24)
1	Vökvadæla
2	Kragabolti (5/16 x 3/4 to.)
2	Flanslásró (5/16 to.)
1	Handfang
4	Bolti (3/8 x 1 tommu)
4	Flanslásró (3/8 to.)
1	T-tengi og afrennslisloki
1	Pakkning
1	Kragaklemma

Handfang vökvadælunnar sett saman

Ath.: Hægt er að setja handfangið og klinkustoðina á annaðhvort vinstri eða hægri hlið handfangs vökvadælunnar.

1. Setjið klinkustoðina á handfang vökvadælunnar (Mynd 11) með því að nota 2 innansexkantskrúfur (#10-24 x 1/2 to.).



Mynd 11


- | | |
|--|--------------------------------|
| 1. Klinkustoð | 7. Fjaðurklemma |
| 2. Innansexkantskrúfa (#10-24 x 1/2 to.) | 8. Bolti (#10-24 x 1/2 to.) |
| 3. Handfang vökvadælu | 9. Kragabolti (5/16 x 3/4 to.) |
| 4. Vökvadælusamstæða | 10. Lásró (#10-24) |
| 5. Sjálflæsandi ró | 11. Handfang |
| 6. Festiplata (vökvadæla) | |

- Festið fjaðurklemmuna við handfangið (Mynd 11) með tveimur boltum (#10-24 x 1/2 tommu) og tveimur lásróm (#10-24).
- Festið handfangið á festiplötuna fyrir vökvadæluna (Mynd 11) með 2 kragaboltum (5/16 x 3/4 to.) og sjálflæsandi róm (5/16 to.).
- Lækkið hvíluna í neðstu stöðu.

Vökvadælan sett saman við úðarann

- Látið götin á vökvadælunni og raufarnar í stuðningsgrind hvílunnar vera í beinni línu (Mynd 12).

Ath.: Festingarnar þurfa að vera nógu lausar til að þær geti hreyfst í raufinni þegar vökvadælan er hækkuð upp í flutningsstöðu. Með þessu móti er hægt að aðlaga hreyfingu og stillingu vökvadælunnar.




Mynd 12

- | | |
|--------------------------|-------------------------------|
| 1. Bolti (3/8 x 1 tommu) | 4. Festigat vökvadælusamstæðu |
| 2. Bakplata | 5. Festing vökvadælusamstæðu |
| 3. Flanslásró (3/8 to.) | |

- Setjið 4 bolta (3/8 x 1 to.) og lásrær (3/8 to.) í til að festa vökvadæluna.

Ath.: Ekki herða boltana strax.

- Gerið eftirfarandi til að lyfta vökvadælunni í hvílusamstæðunni varlega upp í flutningsstöðu:
 - Lyftið neðra handfanginu til að lyfta vökvadælunni og hallið henni lítillga í átt að geyminum.
 - Stýrið tungunni undir þverbitann með logsoðna flipann í efri hluta grindarsamstæðunnar.
 - Snúið síðan samstæðunni í átt að geyminum og gætið þess að koma fjaðurklemmunni með stóra snúningsrörinu fyrir í neðri hluta grindarinnar.
 - Ýtið þar til fjaðurklemman smellur yfir snúningsrörið eins og sýnt er á Mynd 13.



Mynd 13

- | | |
|-----------------|----------------|
| 1. Fjaðurklemma | 2. Snúningsrör |
|-----------------|----------------|

- Athugið hæð vökvadælnnar á bakplötu hvílunnar og stillið eftir þörfum.
- Herðið festingarnar sem festa vökvadæluna við hvíluna.

Ath.: Herðið festingarnar með 36–45 Nm átaki (27-33 ft-lb).


- Herðið stilliskrúfurnar tvær á burðararminum vinstra megin, sjá [Mynd 7](#) í [Hvíluarmarnir settir á stuðningsgrindina \(síða 6\)](#).
- Kannið stöðu vökvadælusamstæðunnar á geymisólinni.

Ath.: Vökvadælan á að vera upprétt í flutningsstöðu. Losið neðri lásróna á grindinni sem festir hana við geyminn. Ekki fjarlægja lásróna. Stillið stöðuna eftir þörfum og herðið lásróna. Gangið úr skugga um að ólin sé tryggilega fest við geyminn.

T-tengi og afrennslisloki sett saman

- Stillið flans efra T-tengisins við fremri flans vökvadælnnar ([Mynd 14](#)).

Ath.: Gangið úr skugga um að handfangið fyrir afrennslislokann snúi út á við.



- Afrennslisloki
- Flans (T-tengi)
- Fremri flans (vökvadæla)
- Pakkning
- Kragaklemma

- Festið T-tengið á vökvadæluna með pakkningu og kragaklemmu ([Mynd 14](#)).

4

Piltengið sett upp á úðarageyminn


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Piltengi
1	O-hringur
1	Láshringur

Borað í geyminn

- Finnið staðsetninguna að framan efst á geyminum eins og sýnt er á [Mynd 15](#).

Ath.: Finnið borunarmerkið í miðju mótaða hringsins.



Mynd 15


- Notið 9 cm (3-5/8 tommu) dósabor til að bora gat við borunarmerkið ([Mynd 15](#)).

Ath.: Auka þarf þvermálið örlítið til að koma tenginu fyrir.

- Eftir að gatið hefur verið borað skal fjarlægja grófar brúnir í skurðinum og fjarlægja rusl sem fór inn í aðalgeyminn við skurðinn.

Piltengið sett upp

- Opnið lok aðalgeymisins og fjarlægjið síuna.
- Setjið piltengið og O-hringinn upp innan úr tankinum í gegnum opið sem áður var skorið ([Mynd 16](#)).



Mynd 16

G023131

g023131

1. Láshringur
2. O-hringur
3. Þiltengi

3. Festið þiltengið við geyminn með láshringnum.

5

Vökvadælulokinn settur upp


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Vökvadæluloki
1	Hleðsluleiðsla – 86 cm (33-3/4 to.)
2	Splitti
1	Hjáveituleiðsla vökvadælu – 65 cm (25-3/4 to.)
1	Inntaksslanga – 22 cm (6-5/8 to.)
1	Kragaklemma
1	Pakkning
1	Festing vökvadæluloka
1	Kragabolti (5/16 x 3/4 to.)
4	Sjálflæsandi ró (1/4 to.)

Uppsetning á vökvadæluloka undirbúin

1. Fjarlægið kragaklemmuna, pakkninguna, hnéð og inntaksslönguna úr þrýstisúhausnum (A á Mynd 17).

Ath.: Geymið pakkninguna og kragaklemmuna fyrir uppsetningu síðar.



Mynd 17

G028611


g028611

1. Inntaksslanga
2. Hné
3. Kragaklemma
4. Pakkning
5. Þrýstisúhaus
6. Splitti
7. Neðra T-tengi
8. Beint hrjúft tengi (inntaksslanga)

2. Fjarlægið splittið sem festir beint hrjúft tengi inntaksslöngunnar við neðra T-tengi úðakerfisins og losið inntaksslönguna frá vélinni (B á Mynd 17).

Ath.: Geymið splittið fyrir uppsetningu síðar; fleygið hnénu, slöngunni og beina hrjúfa tenginu.


3. Setjið 90° hné hleðsluleiðslu vökvadælu inn í tengið neðan á vökvadælulokanum (Mynd 18).



Mynd 18

- | | |
|--|---------------------------------------|
| 1. Kragatengi (hleðsluleiðsla vökvadælu) | 4. Tengir að neðan (vökvadæluloki) |
| 2. Hleðsluleiðsla vökvadælu – 86 cm (33-3/4 to.) | 5. 90° hné (hleðsluleiðsla vökvadælu) |
| 3. Splitti | |


4. Festið hnéð við lokann með splittinu ([Mynd 18](#)).
5. Setjið beint tengi hjáveituleiðslu vökvadæluinnar inn í hliðartengi vökvadælulokans ([Mynd 19](#)).



Mynd 19

- | | |
|---|---|
| 1. Hjäveituleiðsla vökvadælu – 65 cm (25-3/4 to.) | 4. Splitti |
| 2. beint tengi (hjáveituleiðsla vökvadælu) | 5. Hríft hnétengi (hjáveituleiðsla vökvadælu) |
| 3. Hliðartengi (vökvadæluloki) | |

6. Festið beina tengið við lokann með splittinu ([Mynd 19](#)).
7. Komið þakningu og tenginu með beinum flans á nýju inntaksslöngunni fyrir í beinni línu við flans tengistykkisins efst á vökvadælulokanum ([Mynd 20](#)).




Mynd 20

- | | |
|--|------------------------|
| 1. 90° kragatengi (inntaksslanga) | 4. Kragaklemma |
| 2. Inntaksslanga – 22 cm (6-5/8 to.) | 5. Þakning |
| 3. Tengir með beinum flans (inntaksslanga) | 6. Flans (tengistykki) |

8. Festið tengið með beinum flans við lokann með kragaklemmu ([Mynd 20](#)).


Vökvadæluloki og festing sett saman

1. Fjarlægið boltann sem festir R-klemmuna sem heldur slöngunni við hristingsspjaldlokann úr festingunni á festirörinu ([Mynd 21](#)).



Mynd 21

1. Festing vökvadæluloka
2. R-klemma
3. Festing (festirör)
4. Kragabolti (5/16 x 3/4 to.)
5. Bolti (úðari)



Mynd 22

1. Sjálflæsandi rær (1/4 to.)
2. Pinnar
3. Vökvadæluloki

6


Vökvadæluslöngurnar tengdar

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Geymisslanga – 141 cm (55-5/8 to.)
1	Splitti
2	Kragaklemma
2	Pakkning

Tenging geymisslöngunnar


1. Setjið hrjúfa hnétengið á geymisslöngunni inn í þiltengið (Mynd 23) sem sett var upp í skrefi 2 í þiltengið sett upp (síða 10).



Mynd 23

1. Hrjúft hnétengi (geymisslanga)
2. Piltengi
3. Splitti

2. Festið hnétengið við piltengið með splitti (Mynd 23).
3. Stillið kragatengi geymisslöngunnar af við fremri flans T-dælutengisins (Mynd 24).




Mynd 24

1. Kragaklemma
2. Pakkning
3. Kragatengi (geymisslanga)
4. Afrennislóki
5. Fremri flans (T-dælutengi)

4. Festið geymisslönguna við T-tengið með pakkningu og kragaklemmu (Mynd 24).

5. Hækkið og lækkið vökvadæluna til að tryggja að geymisslangan festist ekki í öðrum hlutum úðarans (Mynd 24).




Mynd 25

1. Geymisslanga
2. Eldsneytisgeymir
3. Slaki í slöngunni

Tenging hleðsluleiðslunnar

1. Stillið kragatengi hleðsluleiðslunnar af við flans vökvadælunnar (Mynd 26).




Mynd 26

1. Pakkning
2. Kragaklemma
3. Flans (vökvadæla)
4. Kragatengi (hleðsluleiðsla)

2. Festið hleðsluleiðsluna við vökvadæluna með pakkningu og kragaklemmu (Mynd 26).

Hjáveituleiðsla vökvadælu tengd

1. Setjið hrjúfa hnétengið á hjáveituleiðslu vökvadælu inn í neðra T-tengið (**Mynd 27**) sem unnið var með í skrefi 2 í **Uppsetning á vökvadæluloka undirbúin** (síða 11).




Mynd 27

1. Splitti
2. Hríúft hnétengi (hjáveituleiðsla vökvadælu)
3. Neðra T-tengi
4. Hjáveituleiðsla vökvadælu

2. Festið hnétengið við neðra T-tengið með splittinu (**Mynd 27**) sem var fjarlæggt í **2 Uppsetning á vökvadæluloka undirbúin** (síða 11).

Inntaksslangan tengd

1. Stillið af flans hnétengis inntaksslöngunnar við flans þrýstisúhaussins (**Mynd 28**).



Mynd 28

1. Pakkning
2. Kragaklemma
3. Inntak
4. Flans (þrýstisúhaus)
5. Flans (hnétengi – inntaksslanga)

2. Festið inntaksslönguna við þrýstisúhausinn með pakkningunni og kragaklemmunni (**Mynd 28**) sem var fjarlægð í 1 í **Uppsetning á vökvadæluloka undirbúin** (síða 11).

7

Uppsetningu lokið

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Sogspjót og slanga (valfrjáls aukabúnaður)
---	--

Verklag

Ath.: Sogspjótið og slangan eru valfrjáls aukabúnaður. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá frekari upplýsingar.

Geymið sogspjótið og slönguna til síðari nota. Lesið og geymið þau gögn sem eftir eru um notkun forblöndunarsettsins fyrir íðefni.


Notkun

VARÚÐ

Íðefni eru hættuleg og geta valdið meiðslum á fólki.

- Lesið leiðbeiningarnar á merkimiðum íðefna áður en þau eru meðhöndluð og fylgið öllum ráðleggingum og varúðarráðstöfunum framleiðenda.
- Látið íðefni ekki komast í snertingu við húð. Við snertingu skal þvo viðkomandi svæði vandlega með sápu og hreinu vatni.
- Notið hlífðargleraugu og annan hlífðarbúnað sem framleiðandi viðkomandi íðefnis mælir með.

Stjórnþæki



Mynd 29

- | | |
|-----------------------------|----------------------|
| 1. Lok | 6. Geymisslanga |
| 2. Hleðsluleiðsla | 7. T-loki |
| 3. Aðalloki (skammtaraloki) | 8. Efra handfang |
| 4. Flutningsstroffa | 9. Loki fyrir spúlun |
| 5. Neðra handfang | |

Lok

Snúið lokinu rangsælis til að opna það. Setjið lokið alveg á áður en því er snúið réttisælis til að læsa því. Loka verður lokinu og læsa því, áður en vökvadælunni er lyft í flutningsstöðu.

Handföng og flutningsstroffa


Notið efri og neðri handföngin til að hækka og lækka vökvadæluna og læsa henni í flutningsstöðu.

Aðalloki

Notið aðallokann til að koma efnum úr vökvadælunni inn í slönguna sem liggur í aðalgeyminn.

Flöskuskolun

Flöskuskolunin er inni í vökvadælugeyminum. Þegar kveikt hefur verið á vökvadælunni er þrýstingur á flöskuskoluninni og hún fær efni úr innihaldi aðalgeymisins. Til að nota flöskuskolunina skal hvolfi ílátinu undir íðefni yfir stútinn og nota brún karsins til að þrýsta á skolunina. Ýtið niður til að virkja spíssinn og skola innri hluta ílátsins undir íðefni.



Mynd 30

1. Flöskuskolun


Loki fyrir spúlun

Lokinn fyrir spúlun getur skolað vökvadælugeyminn að innanverðu. Þegar kveikt hefur verið á vökvadælunni er þrýstingur á lokanum fyrir spúlun og hann fær efni úr innihaldi aðalgeymisins. Til að opna lokann skal snúa handfanginu 90° rangsælis. Þetta mun leiða til þess að vatn kemst í geyminn. Snúið handfanginu 90° réttisælis til að loka lokanum.

Vökvadælunni lyft og hún látin síga

Vökvadæla látin síga

1. Grípið um handfang vökvadælnnar og dragið festingarhandfangið af klinkustoðinni ([Mynd 31](#) og [Mynd 32](#)).




Mynd 31

G029077

g029077

1. Handföng (efst á hvílunni)
2. Handfang vökvadælu
3. Handfang




Mynd 32

G029076

g029076

1. Klinkustoð
2. Handfang

2. Grípið um handfang vökvadælnnar efst í hvílunni auk handfangsvökvadælnnar og dragið handfang vökvadælnnar út þar til fjaðurklemman losnar frá snúningsrörinu ([Mynd 31](#) og [Mynd 33](#)).




G029079

g029079

Mynd 33

1. Fjaðurklemma
2. Snúningsrör

3. Dragið handfang vökvadælnnar út og niður þar til krókurinn á klinkunni á innanverðri hlið bakplötunnar er laus frá klinkustönginni á aðalstuðningsgrindinni ([Mynd 34](#)).



G029078


g029078

Mynd 34

1. Klinkustöng (aðalstuðningsgrind)
2. Klinka (bakplata)


4. Látið vökvadæluna síga alveg niður á meðan handfangi vökvadælnnar er haldið aðeins út á við ([Mynd 35](#)).

Ath.: Halla þarf botni vökvadælnnar út á við þannig að hægt sé að stilla krókinn á klinkunni undir gormaplötunni neðst á aðalstuðningsgrindinni.



Mynd 35

5. Þegar klinkan á bakplötunni er undir gormaplötunni (A á Mynd 36) skal snúa handfangi vökvadælnnar inn á við þannig að krókhluti klinkunnar sé rétt stilltur af aftan við gormaplötuna (B á Mynd 36).



Mynd 36

1. Krækja
2. Gormaplata

Vökvadælu lyft

1. Grípið um handfang efst á hvílunni auk handfangs vökvadælnnar og dragið handfang vökvadælnnar út á við þar til krókhluti klinkunnar er stilltur af fyrir utan gormaplötuna (Mynd 33 og Mynd 36).
 2. Lyftið vökvadælnni á meðan handfangi vökvadælnnar er haldið aðeins út á við (Mynd 35).
- Ath.:** Hallið efri hluta vökvadælnnar inn á við eftir þörfum til að hægt sé að stilla klinkuna af við innanverða bakplötuna undir klinkustöng aðalstuðningsgrindarsamstæðunnar.
3. Þrýstið handföngunum efst á hvílunni inn þar til krókhluti klinkunnar er stilltur af á bak við klinkustöngina á aðalstuðningsgrindinni (Mynd 34).
 4. Þrýstið handfangi vökvadælnnar inn þannig að krókurinn lyftist að klinkustönginni og fjaðraklemman setjst að fullu utan um snúningsrörið (Mynd 33).
 5. Togið klinkuhandfangið ofan á klinkustoðina (Mynd 32).

Verndun grassvarðarins við notkun kyrrstæðrar vélar

Mikilvægt: Við sumar aðstæður getur hiti frá vélinni, vatnskassanum og hljóðkútnum hugsanlega skemmt grasið þegar úðarinn er í kyrrstöðu. Kyrrstaða er til dæmis við hristing geymis, handúðun eða notkun göngubómu.

Gerið eftirtaldir öryggisráðstafanir:

- **Komið í veg fyrir** kyrrstæða úðun við mjög heitar eða þurrar aðstæður, þar sem grassvörður getur verið undir meira álagi á þessum tímabilum.
- **Komið í veg fyrir** að vinnuvélinni sé lagt á grassverðinum á meðan úðað er í kyrrstöðu. Leggið vinnuvélinni á vagnslóð þegar hægt er.
- **Haldið tímanum í lágmarki** þar sem vinnuvélin er látin aka yfir tiltekið svæði grassvarðar. Bæði tími og hitastig hafa áhrif á hversu miklar skemmdir geta orðið á grasinu.
- **Stillið snúningshraða vélarinnar eins lágt og hægt er** til að tryggja réttan þrýsting og rennsli. Þetta heldur hitanum sem myndast og lofthraðanum frá kæliviftunni í lágmarki.
- **Leyfið hitanum að komast** upp úr vélarrýminu með því að lyfta vélarhlífinni/sætinu í kyrrstöðu í stað þess að hann fari undir ökutækið. Frekari upplýsingar um lyftingu sætisins eru í notandahandbókinni.

Ath.: Notið teppi sem hlífir gegn hita undir ökutækinu við notkun í kyrrstöðu til að verja frekar gegn hita. Hafið samband við viðurkenndan dreifingaraðila Toro til að fá teppi sem hlífir gegn hita fyrir úðara frá Toro.

Notkun vökvadælnnar

Eftirfarandi aðferð gerir ráð fyrir að eftirfarandi vinnsluástand sé fyrir hendi fyrir staðlaðan hristing geymis: Úðarinn er ræstur og í gangi, dælan er virk og stillt á viðeigandi þrýsting og inngjöfin er í miðjustöðunni.

Ræsing vökvadælnnar

Ath.: Lokið skammtaralokanum á vökvadælnni og kúluloka eða -lokum á skammtaraskolun áður en vökvadælan er ræst.

1. Lækkið vökvadæluna.
2. Opnið lokið til að athuga hvort aðskotahlutir geta hindrað afköst eða mengað kerfið.
3. Lokið og læsið lokinu með því að snúa hlífinni réttisælis.
4. Snúið vökvadælnni til að opna rafrás vökvadælnnar.
5. Opnið skammtaralokann (rautt handfang) neðan á skammtaranum.
6. Takið lokið úr lás og opnið það hægt með því að snúa hlífinni rangsælis.

Íðefni á fljótandi formi eða í duftformi sett í skammtarann

1. Hellið nauðsynlegu magni af íðefni í skammtarann.

Ath.: Forðist að skvetta vökva eða íðefnum í duftformi út fyrir skammtarann.

2. Skolið tóm ílát utan af íðefnum ef slíkt á við. Setjið op ílátsins yfir skolunarlokann fyrir ílát og ýtið niður.

Ath.: Þetta virkjar skolunarlokann og skolar ílátið.

3. Lokið og læsið lokinu með því að snúa hlífinni réttisælis. Opnið kúlulokann fyrir skolun og kveikið á honum í 20 sekúndur til að skola skammtarann.

Ath.: Lokið kúlulokanum og setjið læsibandið aftur í læsta stöðu.


4. Opnið lokið og athugið hvort íðefnaleifar eru eftir.
5. Endurtakið skref 3 eftir þörfum.

6. Lokið skammtaralokanum.

Íðefni sett í með sogspjótnu (valfrjáls aukabúnaður)

Ath.: Sog spjótsins veltur á þrýstingi og flæði vökvadælnnar. Besti árangurinn næst með því að nota þrýsting allt að 10 börum (150 psi) að hámarki.

1. Setjið sogspjótið inn í vökvadæluna þar til O-hringsþéttin á vökvadælnni tæmast.



Mynd 37

1. Sogspjót
2. Vökvadæla

2. Notið lausa enda spjótsins til að gera gat á pokann eða ílátið til að tæma íðefni í duftformi eða á fljótandi formi.
3. Setjið enda spjótsins ofan í hreint ílát með vatni til að skola spjótið.
4. Takið sogspjótið úr vökvadælnni og tæmið allan vökva sem eftir er í skammtarann.
5. Lokið skammtaralokanum (rautt handfang).

Slökkt á vökvadælunni

1. Lokið öllum lokum.

Ath.: Lokið skammtaralokanum fyrst.

2. Fjarlægið allar íðefnaleifar.
3. Lokið og læsið skammtaralokinu með því að snúa hlífinni réttisælís.
4. Færið hristingslokann aftur í fulla opna stöðu.
5. Lokið vökvadælulokanum.
6. Færið vökvadæluna aftur í flutningsstöðu og læsið henni með flutningsstroffunni.

Bilanaleit

Vandamál	Möguleg orsök	Aðgerð til úrbóta
Vökvadæling er hæg.	- Skortur er á rennsli og þrýstingi til vökvadælukefinsins. - Stífla er í inntaks-/úttaksslöngu. - Tengi með hnám eða öðrum takmörkunum á rennsli eru í úttaki vökvadælunnar.	- Aukið dæluhraðann. Snúið hristingsventlinum í átt að lokaðri stöðu. - Takið hana í sundur og fjarlægjið allar fyrirstöður. - Notið aðeins sópunarbeygjur með sveigjanlegum slöngum.
Engin skolun er til staðar.	- Stútur flöskuskolunarinnar er stíflaður. - T-tengið fyrir skolun er stíflað.	- Takið snúningshluta stútsins af neðri lokasamstæðunni og bakskolið þangað til tengi stútsins eru laus við óhreinindi. - Takið T-tengið fyrir skolun í sundur og hreinsið þar til tengi stútsins eru laus við óhreinindi.
Leki er við tengin.	- Tengin eru skemmd. - Gengjupéttið er slitið.	- Leitið að sprungum í tenginu. Skiptið um tengið ef með þarf. - Takið samskeytin í sundur og þéttið með þéttiefni fyrir samskeyti ef leki er í gengjunum.

Athugasemdir:

Alþjóðlegur listi yfir dreifingaraðila

Dreifingaraðili:	Land:	Símanúmer:	Dreifingaraðili:	Land:	Símanúmer:
Agrolanc Kft	Ungverjaland	36 27 539 640	Maquiver S.A.	Kólumbía	57 1 236 4079
Balama Prima Engineering Equip.	Hong Kong	852 2155 2163	Maruyama Mfg. Co. Inc.	Japan	81 3 3252 2285
B-Ray Corporation	Kórea	82 32 551 2076	Mountfield a.s.	Tékkland	420 255 704 220
Casco Sales Company	Púertó Ríkó	787 788 8383	Mountfield a.s.	Slóvakía	420 255 704 220
Ceres S.A.	Kostaríka	506 239 1138	Munditol S.A.	Argentína	54 11 4 821 9999
CSSC Turf Equipment (pvt) Ltd.	Srí Lanka	94 11 2746100	Norma Garden	Rússland	7 495 411 61 20
Cyril Johnston & Co.	Norður-Írland	44 2890 813 121	Oslinger Turf Equipment SA	Ekvador	593 4 239 6970
Cyril Johnston & Co.	Lýðveldið Írland	44 2890 813 121	Oy Hako Ground and Garden Ab	Finnland	358 987 00733
Equiver	Mexíkó	52 55 539 95444	Parkland Products Ltd.	Nýja-Sjáland	64 3 34 93760
Femco S.A.	Gvatemala	502 442 3277	Perfetto	Pólland	48 61 8 208 416
ForGarder OU	Eistland	372 384 6060	Pratoverde SRL.	Ítalía	39 049 9128 128
G.Y.K. Company Ltd.	Japan	81 726 325 861	Prochaska & Cie	Austurríki	43 1 278 5100
Geomechaniki of Athens	Grikkland	30 10 935 0054	RT Cohen 2004 Ltd.	Ísrael	972 986 17979
Golf international Turizm	Tyrkland	90 216 336 5993	Riversa	Spánn	34 9 52 83 7500
Guandong Golden Star	Kína	86 20 876 51338	Lely Turfcare	Danmörk	45 66 109 200
Hako Ground and Garden	Svíþjóð	46 35 10 0000	Solvart S.A.S.	Frakkland	33 1 30 81 77 00
Hako Ground and Garden	Noregur	47 22 90 7760	Spypros Stavrinides Limited	Kýpur	357 22 434131
Hayter Limited (U.K.)	Bretland	44 1279 723 444	Surge Systems India Limited	Indland	91 1 292299901
Hydroturf Int. Co Dubai	Sameinuðu arabísku furstadæmin	97 14 347 9479	T-Markt Logistics Ltd.	Ungverjaland	36 26 525 500
Hydroturf Egypt LLC	Egyptaland	202 519 4308	Toro Australia	Ástralía	61 3 9580 7355
Irrimac	Portúgal	351 21 238 8260	Toro Europe NV	Belgía	32 14 562 960
Irrigation Products Int'l Pvt Ltd.	Indland	0091 44 2449 4387	Valtech	Marokkó	212 5 3766 3636
Jean Heybroek b.v.	Holland	31 30 639 4611	Victus Emak	Pólland	48 61 823 8369

Persónuverndaryfirlýsing fyrir Evrópu

Upplýsingarnar sem Toro safnar

Toro Warranty Company (Toro) leggur áherslu á persónuvernd þína. Til að geta afgreitt ábyrgðarkröfur viðskiptavina og haft samband við þá vegna innköllunar vöru óskum við eftir því að viðskiptavinir okkar deili með okkur tilteknum persónuupplýsingum, annaðhvort beint eða í gegnum næsta útibú eða söluaðila Toro.

Ábyrgðarkerfi Toro er vistað á netþjónum utan Bandaríkjanna þar sem persónuverndarlög kunna að vera slakari en í landi viðskiptavinarins.

ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR DEILIR PERSÓNUUPPLÝSINGUM MEÐ OKKUR SAMÞYKKIR VIÐKOMANDI VINNSLU ÞEIRRA EINS OG HENNI ER LÝST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU.

Hvernig Toro notar upplýsingar

Toro kann að nota persónuupplýsingar viðskiptavinar til að vinna ábyrgðarkröfur, hafa samband við viðkomandi vegna innköllunar vöru og á annan hátt sem við tilgreinum nánar fyrir viðskiptavini. Toro kann að deila upplýsingum viðskiptavina með hlutdeildarfélagum Toro, söluaðilum eða öðrum samstarfsaðilum í tengslum við þetta. Við munum aldrei selja persónuupplýsingar viðskiptavina öðru fyrirtæki. Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar til að fara eftir viðeigandi lögum og í tengslum við beiðnir viðeigandi yfirvalda, til að tryggja að kerfin okkar virki rétt eða til að verja okkur eða aðra notendur.

Geymsla persónuupplýsinga

Við geymum persónuupplýsingar viðskiptavina eins lengi og við þurfum í þeim tilgangi sem þeim fyrsta aflað fyrir eða af öðrum lagalegum ástæðum (svo sem reglufylgni) eða eins og krafist er samkvæmt lögum.

Áhersla Toro á öryggi persónuupplýsinga

Við grípum til viðeigandi ráðstafana til að verja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina. Við grípum einnig til ráðstafana til að tryggja nákvæmni og rétta stöðu persónuupplýsinga.

Aðgangur að og leiðrétting á persónuupplýsingum

Ef þú vilt fara yfir eða leiðrétta persónuupplýsingar þínar skaltu hafa samband við okkur í gegnum netfangið legal@toro.com.

Áströlsk neytendalöggjöf

Viðskiptavinir í Ástralíu geta fundið upplýsingar sem tengjast ástralskri neytendalöggjöf annaðhvort í umbúðunum eða hjá næsta söluaðila Toro.



Almenn vöruábyrgð Toro

Takmörkuð tveggja ára ábyrgð

Skilmálar og ábyrgðar vörur

Toro Company og tengdur aðili þess, Toro Warranty Company ábyrgjast sameiginlega gagnvart þér, samkvæmt samkomulagi á milli þessara tveggja aðila, að Toro-varan („vara“) þín sé laus við efnis- og smíðagalla í tvö ár eða 1500 vinnustundir*, hvort sem kemur á undan. Þessi ábyrgð nær til allra vara nema loftunarbúnaðar (sjá aðskildar ábyrgðaryfirlýsingar fyrir þær vörur). Komi upp tilvik sem falla undir ábyrgð gerum við við vöruna þér að kostnaðarlausu, þar með talið greining, vinna, varahlutir og flutningur. Þessi ábyrgð tekur gildi þegar varan er afhent fyrsta kaupanda. * Varan er búin vinnustundamæli.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Toro Commercial Products Service Department
Toro Warranty Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
952-888-8801 eða 800-952-2740
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Sem eigandi vörunnar berð þú ábyrgð á nauðsynlegu viðhaldi og stillingum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir í vöru sem rekja má til notkunar varahluta sem ekki eru frá Toro eða uppsetningar og notkunar viðbóta eða aukahluta og vara sem ekki eru frá Toro. Hugsanlega býður framleiðandi þessara hluta upp á að sína eigin ábyrgð.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt. Ef Toro-vörunni er ekki viðhaldið í samræmi við ráðlagt viðhald í *notendahandbókinni* kann ábyrgðarkröfum að verða hafnað.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Íhlutir sem slitna við notkun, nema þeir reynist gallaðar. Dæmi um varahluti sem eru notaðir, eða gernýttir, við hefðbundna notkun eru, en ekki takmarkaðir við, bremsuklossar og -borðar, kúplingsborðar, hnifar, kefli, rúllur og legur (einangraðar og smurðar), fastir hnifar, kerti, eltihljól og legur, hjólbardar, síur, reimar og tiltekni úðarahlutir á borð við himnur, stúta og einstefnuloka o.s.frv.
- Bilanir vegna utanaðkomandi þátta. Aðstæður sem teljast til utanaðkomandi þátta teljast vera, en eru ekki takmarkaðar við, geymsluvenjur, mengun, notkun ósamþykks eldsneytis, kælivökvva, smurefni, íblöndunarefni, áburð, vatn eða íðefni o.s.frv.
- Bilanir eða skert afköst vegna notkunar eldsneytis (t.d. bensins, díslólíu eða lífdísils) sem ekki uppfyllir viðeigandi iðnaðarstaðla.

Önnur lönd en Bandaríkin eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur sem fluttar er út frá Bandaríkjunum eða Kanada skulu hafa samband við viðkomandi dreifingaraðila (söluaðila) Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Ef þú ert af einhverjum sökum óánægð(ur) með þjónustu dreifingaraðilans eða átt í erfiðleikum með að nálgast ábyrgðarupplýsingar skaltu hafa samband við innflytjanda Toro.

- Eðlilegan hávaða, titring, slit og tæringu.
- Eðlilegt slit telst t.d., en er ekki takmarkað við, skemmdir á sætum vegna slits eða svörfunar, slit á máluðum flötum, rispur á merkingum eða rúðum o.s.frv.

Íhlutir

Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við nauðsynlegt viðhald falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Íhlutir sem skipt er út í tengslum við þessa ábyrgð falla undir ábyrgð út gildistíma upprunalegrar ábyrgðar vörunnar og þeir eru eign Toro. Toro tekur lokaákvörðun um hvort á að gera við fyrirbyggjandi íhlut eða samstæðu eða hvort skipta um hana. Toro kann að nota endurgerða varahluti við viðgerðir sem falla undir ábyrgð.

Ábyrgð á Li-ion djúphleðslurafhlöðu:

Li-ion djúphleðslurafhlöður eru með tiltekinn heildarflöðu kílóvattstunda sem þær geta afkasta út endingartíma sinn. Notkun, hleðsla og viðhald geta lengt eða dregið úr endingartíma rafhlöðunnar. Þegar rafhlöður eru notaðar í þessari vöru minnkar sú vinna sem hægt er að sinna á milli hleðslulota þar til á endanum að rafhláðan heldur ekki lengur hleðslu. Skipti á úrsérgengnum rafhlöðum, eftir eðlilega notkun, er á ábyrgð eiganda vörunnar. Hugsanlega þarf að skipta um rafgeymi innan hefðbundins ábyrgðartímabils vörunnar á kostnað eiganda. Athugið: (eingöngu Li-ion rafhlöður): Li-ion rafhláða er eingöngu með hlutfallslega ábyrgð á varahlutum frá og með þriðja ári og út það fimmta, á grunni vinnustunda og kílóvattstunda. Frekari upplýsingar er að finna í *notendahandbókinni*.

Eigandi greiðir fyrir viðhald

Vélarstilling, smurning, þrif og bón, síuskipti, kælivökvaskipti og framkvæmd reglulegs viðhalds er á meðal hefðbundinnar þjónustu sem sinna þarf á vörum Toro og sem er á kostnað eigandans.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Hvorki Toro Company né Toro Warranty Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Engin önnur bein ábyrgð er í boði, utan útblástursábyrgðarinnar sem vísað er til hér að neðan, ef hún á við. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Sum ríki leyfa ekki takmörkun á ábyrgð vegna tilfallandi eða afleidds tjóns, eða takmörkun á því hversu lengi óbein ábyrgð er í gildi, og því kunna takmarkanirnar hér á undan ekki að gilda um þig. Þessi ábyrgð veitir eiganda sérstök lagaleg réttindi, auk annarra mögulegra réttinda sem kunna að vera mismunandi á milli ríkja.

Varðandi ábyrgð á vél:

Útblástursstjórnkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagráði Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórnkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu Kaliforníu fyrir útblástursstjórnkerfi sem fylgir vörunni eða sem er að finna í fylgiskjöllum vélarframleiðanda